

Þvi dæmist rétt vera:

Hinar áfrýjuðu fjárnámsgerðir skulu vera óraskaðar. Áfrýjandi, Sigvaldi Jónasson, greiði stefnda, Theódór N. Sigurgeirssyni, 50 krónur í málskostnað fyrir hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 28. maí 1934.

Nr. 56/1934. **Réttvísinn og valdstjórnin**

(Gústaf A. Sveinsson)

gegn

Sigurði Sveinbjarnarsyni

(Eggert Claessen).

Sýknun.

.. *Dómur aukaréttar Reykjavíkur 3. febr. 1934: Ákærður. Sigurður Sveinbjörnsson, á að vera sýkn af ákæru réttvísinnar og valdstjórninnar í máli þessu. Málskostnaður greiðist af almannafé.*

Dómur hæstaréttar.

Það er eigi sannað, að ákærði hafi ekið bifreið sinni með ólöglegum hraða á leiðinni frá Njálsgötu 67 og þar til hann sá bifreiðina R.E. 107 við húsið nr. 28 við sömu götu, og verður hann því eigi talinn hafa brotið ákvæði bifreiðarlaga eða lögreglusamþykktar Reykjavíkur um akstur bifreiða, á þessari leið. Og eins og málið er upplýst, verður eigi heldur talið, að hann hafi valdið dauða stúlkubarnsins, er fyrir bifreið hans varð við húsið Njálsgötu 27, með vitaverðri óvarkárni. Það verður því að sýkna ákærða í máli þessu, eins og

gert er í hinum áfrýjaða dómi, svo og að staðfesta ákvæði hans um greiðslu sakarkostnaðar í héraði.

Eftir þessum úrslitum ber að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar úr rikissjóði þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, 80 kr. til hvors.

Það er athugavert við rannsókn málsins í héraði, að ákærði virðist ekki hafa verið nákvæmlega yfirheyrður um það, hve nær hann sá fyrst svellið á götunni, að ekki var leitað skýrslna um það, hvort hálka eða svell hafi verið á veginum frá Reykjavík og austur fyrir Hellisheiði 25. okt. f. á., og loks, að engra upplýsinga var leitað um aldur eða stærð stúlkubarns þess, er var á götunni með barni því, er bana beið af árekstri bifreiðar ákærða á það. En með því að svo langt er um liðið síðan slysið varð, virðist svo hæpið, að ný rannsókn mundi að fullu gagni koma, að ekki þykir gerlegt að úrskurða héraðsdómarann til að framkvæma rannsókn af nýju um þessi atriði.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði dómur skal vera óraskaður. Allan áfrýjunarkostnað sakarinnar ber að greiða úr rikissjóði, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarmálflutningsmannanna Gústafs A. Sveinssonar og Eggerts Claessen, 80 krónur til hvors.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er af réttvísinnar og valdstjórninnar hálfu höfðað gegn Sigurði Sveinbjörnssyni, bifreiðarstjóra,

til heimilis á Litla Hvoli í Hvolhreppi í Rangárvallasýslu, fyrir brot á ákvæðum 17. kapitula hinna almennu hegningarlaga frá 25. júlí 1869 og lögum nr. 51 frá 1928, um nokkrar breytingar til bráðabirgða á hegningarlöggjöfinni og viðauka við hana, svo og fyrir brot gegn ákvæðum laga nr. 70, 1931 og lögreglusamþykkt Reykjavíkur.

Málavextir eru þeir, sem nú skal greina. Hinn 25. október f. á. var ákærður að koma austan úr Rangárvallasýslu á vöruflutningsbifreiðinni R.Á. 30, sem er eign Kaupfélags Hallgeirseyjar. Var bifreiðin hlaðin hevi að austan, en heyið tók ákærður af bifreiðinni hjá Flugvélaskýlinu inn við Klepp, en þaðan ók ákærði beina leið niður á Njálsgötu. Kona var farþegi með ákærða að austan, og skilaði hann henni af sér við húsið nr. 67 við Njálsgötu. Hélt ákærður síðan niður Njálsgötuna. Er hann var kominn niður fyrir gatnamót Vitastígs og Njálsgötu, tók hann eftir því að mannlaus vöruflutningsbifreið stóð á götunni sunnanverðri, á móts við húsið nr. 28. Virtist ákærðum bifreið þessi standa þannig, að göturæsið væri undir henni miðri. Beint á móti bifreið þessari sá ákærður tvær smátelpur, er honum virtist vera að grúska eitthvað á norðurkanti götunnar. Einnig tók ákærður eftir því, að bifreiðin Á.R. 14 stóð norðanmegin götunnar á móts við Njálsgötu 33. Er ákærður var kominn rétt vestur fyrir hina síðastnefndu bifreið kveðst hann hafa gefið hljóðmerki vegna þess að honum virtist bilið á götunni milli vöruflutningsbifreiðarinnar R. E. 107 og telpnanna of mjótt og ætlaðist hann til að telpurnar flyttu sig út af götunni. Um sama leyti og hann gaf hljóðmerki, steig hann á fótbremsurnar, en bifreiðin stöðvaðist ekki við það heldur rann hún áfam á hálfu, er þarna var á götunni. Þegar ákærður gaf hljóðmerkið virtist honum telpurnar færa sig lítið eitt utar á götuna. Rann nú bifreiðin áfram með sigandi hraða, og komst ákærður fram hjá telpunum með framhjól bifreiðarinnar, en um leið og hann fór fram hjá telpunum virtist honum bifreiðin skrika til að aftan litilháttar, varð ákærður þó ekki var við neitt athugavert, fyr en kallað var til hans að stoppa, ákærður hafði tekið fótinn af bremsunum er hann fann að þær verkuðu ekki á hálkunni, steig hann nú á bremsurnar aftur og við það rann bifreiðin út af hálkunni og niður fyrir götuna að

norðanverðu, þannig að öll hjólin fóru út af götunni, nema vinstra afturhjólid og stöðvaðist bifreiðin þannig. Varð ákærður nú var við að afturhluti bifreiðarinnar hafði rekizt á minni telpuna, og lá hún í götunni. Ákærður tók barnið samstundis og ók með það á Landspítalann. Var það telpa á þriðja ári, Ásta Ástráðsdóttir að nafni. Samkvæmt vottorði Guðmundar Thoroddsen prófessors, virtist hauskúpan mölbrotin. Barnið var meðvitundarlaust og í andaslitrunum, er með það var komið á spítalann, og dó strax á eftir af broti á hauskúpu og blæðingu inn á heila. —

Lögreglan kom á staðinn skömmu eftir að slysið vildi til og eins var slys-staðurinn mældur upp af Halldóri Pálsyni verkfræðing og hefir sú teikning verið lögð fram í málinu. Greinilega sást staður sá, þar sem ákærður hafði hemlað bifreið sína, voru hjólförin skýr og greinileg á rúmlega tveggja feta svæði og sýndu þau að hemlarnir höfðu gripið jafnt og eðlilega. En síðan hurfu för þessi og urðu ekki greind að þeim stað, sem bifreiðin rakst á barnið, en á þessu svæði var Njálsgatan öll isuð og hál, samkvæmt framburði lögregluþjóns þess, sem fór á staðinn. Við mælingu reyndist 18,5 metrar frá stað þeim, sem ákærður bremsaði og að stað þeim er barnið varð undir bifreiðinni.

Vitnið Haraldur Ingvarsson bifreiðastjóri á bifreiðinni Á.R. 14, var sjónarvottur að slysinu því að hann stóð hjá bifreið sinni, fyrir utan Njálsgötu 33. Hann álitur að bifreiðin R.Á. 30 muni hafa verið á upp undir 25 km. hraða er hann varð hennar fyrst var. Kveður vitnið að þegar ákærður var kominn á móts við bifreið hans þá hafi hann gefið hljóðmerki og síðan bremsað rétt á eftir. Kveður vitnið að hálkubletturinn hafi byrjað, þar sem ákærður bremsaði en bifreiðin hafi runnið eins og sleði á hálkunni. Smátt og smátt hafi dregið úr ferð bifreiðarinnar og hafi ferðin verið orðin mjög litil er bifreiðin kom að telpunum. Kveður vitnið að er framhjól bifreiðarinnar hafi verið komið framhá telpunum, þá hafi afturhjól bifreiðarinnar runnið til hliðar til hægri norður á götu-brúnina, virtist vitninu sem bifreiðin kæmi við sleða, sem telpurnar voru með, datt sú minni við það á götu-brúnina og rann hægra afturhjól bifreiðarinnar yfir

höfuð telpunnar. Vitnið kveðst og hafa ekið um allan bæinn þennan dag og hvergi hafa orðið var við háлку á götum bæjarins, nema á þessum stað og síðar um kvöldið hákublett á Klapparstignum.

Vitnið Leifur Guðmundsson var á gangi niður Njálsgötu fyrir neðan stað þann, er slysið vildi til á, var að beygja af Njálsgötunni upp á Kárástíginn, um það leyti, sem slysið varð, en varð þá litið til baka upp á Njálsgötuna. Sá hann þá bifreið ákærða var því sem næst stöðvuð, og sá hann að afturhjóll bifreiðarinnar rann norður af götunni. Hann kveður að pallur bifreiðarinnar fyrir framan afturhjóll hafi lent á höfði minni telpunnar, og telpan hafi við það kastast niður í götuna, en síðan hafi bifreiðin runnið lítið eitt áfram með hægri ferð, og sveigði út af götunni, og nam staðar norðanvert við hana. En hann kveðst ekki hafa séð að afturhjóll bifreiðarinnar færi yfir höfuð telpunnar, en telja verður vist að vitnið Haraldur Ingvarsson hafi séð það betur, þar sem hann horfði á slysið austan af götunni. En báðum ber vitnum þessum saman um það, að bifreiðin hafi verið að því kemín að nema staðar er slysið varð, og að afturhluti bifreiðarinnar hafi runnið til hliðar, enda er það upplýst að á stað þeim, sem slysið vildi til, er dálítill hliðarhalli frá götumiðjunni og norður á brúnina.

Þriðja vitnið í máli þessu, Skarphéðinn Jónsson, bifreiðarstjóri, var ekki áhorfandi að slysinu, hann var inni hjá sér á Njálsgötu 29 B að drekka kaffi og kom ekki út fyrr en slysið var skeð og bifreið ákærða var að nema staðar. En meðan hann var inni hafði hann skilið bifreiðina R.E. 107 eftir við austurenda hússins Njálsgötu 28. Deila er um það milli vitnisins og ákærða hvernig bifreiðin hafi staðið. Vitnið heldur því fram að hann hafi skilið þannig við bifreiðina, að vinstri hjólin hafi verið í rennuni, eða rétt upp á vegbrúninni, en ákærður hefir svo sem fyr segir, haldið því fram að honum hafi virzt að bifreiðin hafi staðið þannig, að göturæsið hafi verið undir henni miðri. Ekki hefir verið hægt að upplýsa fullkomlega um stöðu bifreiðarinnar með framburði hinna vitnanna, þau veittu henni ekki svo nákvæmlega eftirtekt. Á uppdrætti þeim, sem gerður hefir verið af staðnum, hefir verið mæld fjarlægð frá bifreiðinni og út á norðurgötu-

brún hafi hún staðið svo sem vitnið segir, og er breidd götunnar þá 3.5 metrar, en hafi hún staðið svo sem ákærður vill meira þá er breidd götunnar út á norðurbrún 3 metrar. En bifreið ákærða er, samkvæmt vottorði Zophoniasar Baldvinssonar bifreiðaeftirlitsmanns 1.86 metrar og hefði því ákærður átt að geta komið framhá bifreiðinni R.E. 107 án þess að rekast á telpuna á hvorn veginn sem hún hefði staðið, ef ekkert sérstakt óhapp hefði komið fyrir.

Vitnið Skarphéðinn Jónsson hefir og borið það, að hann hafi ekki orðið var við neina verulega hálfu á götum bæjarins, þennan dag, aðeins sleipa bletti í götu þar sem umferðin er litil.

Skoðunarmaður bifreiða Jón Ólafsson skoðaði bifreiðina samstundis og hefir vottað það, að hemlar bifreiðarinnar hafi verið í lagi og hafi verið hægt að stöðva bifreiðina þar sem vegurinn var láréttur og ekki sveflrunninn á tiltölulega og venjulega stuttu færi.

Ákærður er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 30. ágúst 1907. Honum hefir ekki verið refsað áður fyrir nokkur afbrot. —

Samkvæmt því, sem að framan segir verður ekki séð, að ákærður hafi gerzt brotlegur gegn ákvæðum hegningarlaga, bifreiðalaganna né lögreglusamþykktar Reykjavíkur. Hann gaf hljóðmerki, bremsaði bifreið sína í töluverðri fjarlægð, og var á mjög litilli ferð er hann ók framhá telpunum, og gætti yfirleitt þarna á staðnum þeirrar varkárni, sem búast mátti við að dygði til að afstýra slysi. Bifreið ákærða var að vísu keðjulaus, en þar sem hann var að koma beina leið austan úr Rángárvallasýslu, og á allri þeirri leið var engin þörf á keðjum, þá verður honum ekki talið það til víta, þótt hann ekki notaði keðjur hér í bænum, enda mun þess ekki heldur hafa verið þörf að nota keðjur hér í bænum samkvæmt framburði vitnanna Skarphéðins og Haralds, sem víða höfðu farið um bæinn þennan dag, og lítt eða ekki orðið hálfu varir.

Samkvæmt þessu þykir því verða að sýkna ákærðan af ákæru réttvísinnar og valdstjórnarinnar í máli þessu, kostnaður málsins greiðist af almannafé.

Á máli þessu hefir orðið nokkur dráttur, af orsökum, sem um getur í prófunum.